

Margrét Björk Magnúsdóttir

Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts



Reykjavík 2014

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 168

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Myndaskrá.....	1
Inngangur	2
Breiðholt 181154 218 söguágrip	2
Framkvæmdareftirlit	5
Minjastaðir	7
Gripaskrá	12
Niðurstöður	13
Heimildir	14

Myndaskrá

Mynd 1. Síðasti bærinn í Breiðholti, teikning Þorkels Gíslasonar.....	4
Mynd 2. Framkvæmdarsvæðið.	5
Mynd 3. Minjastaðir með númerum og rauðmerktir á grunnmynd af bæjarstæði Breiðholts.....	7
Mynd 4. Steinaraðir á minjastað nr. 1, horft í norðvestur.	8
Mynd 5. Móöskulag á minjastað nr. 1, horft í suður.	8
Mynd 6. Móöskulag á minjastað nr. 1, K~1500 í sniði, horft í austur.	9
Mynd 7. Steinaröð á minjastað nr. 2, horft í austur.....	9
Mynd 8. Steinaröð á minjastað nr. 3, horft í suður.	10
Mynd 9. Litabreytingar á jarðvegi á minjastað nr. 6, horft í austur.	10
Mynd 10. Torfhleðsla á minjastað nr. 5, horft í vestur.....	11
Mynd 11. Gler- og leirkersbrot af minjastað nr. 1.....	13
Mynd 12. Járngripir af minjastað nr. 1.	13

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmdareftirliti vegna fornleifa á bæjarstæði **Breiðholts** (181154 218) í Reykjavík sem fór fram dagana 2. til 9. desember 2013. Framkvæmdin er hluti af umhverfisbótum við gamla Breiðholtsbæinn á vegum **Umhverfis- og skipulagssviðs**

Reykjavíkurborgar. Eftirlitið fólst í því að fylgjast með gröfu taka grasrót ofanaf jarðvegi fyrir göngustíg í kringum leifar síðasta bæjarins, gerð hringlaga svæðis fyrir nestisborð og stækkun á hringlaga malarsvæði þar sem upplýsingaskilti hefur verið og verður staðsett. Þar sem komið var niður á meintar minjar var niðurgröftur stöðvaður. Framkvæmdareftirlit var á vegum Minjasafns Reykjavíkur, nú Borgarsögusafn Reykjavíkur, sem sinnir meðal annars eftirliti vegna framkvæmda á minjastöðum en á heimasíðu þess kemur fram að:

„Markmiðið með framkvæmdaeftirliti er að koma í veg fyrir að minjar fari forgörðum við verklegar framkvæmdir. Við minniháttar framkvæmdir eða framkvæmdir sem ekki falla undir mat á umhverfisáhrifum er haft samstarf við þá sem sjá um framkvæmdirnar. Minjasafn Reykjavíkur hefur eftirlit með jarðraski og skráir upplýsingar um mannvistarminjar sem koma í ljós. Allar upplýsingar um minjarnar eru færðar inn á uppdrætti. Mikilvægt er því að fylgjast vel með framkvæmdum og á það sérstaklega við um miðbæinn og svæði í grennd við forn bæjarstæði. Ef vart verður við fornleifar er framkvæmd stöðvuð og svæðið rannsakað nánar eða framkvæmdum breytt þannig að þær skerðist ekki. Á vef Borgarvefsjár eru þekktar fornleifar í borgarlandinu merktar inn á kort.¹

Vettvangsvinna og skýrslugerð var í höndum Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur fornleifafræðings en vinnunni stjórnaði Anna Lísu Guðmundsdóttir deildarstjóri fornleifadeildar. Leyfisnúmer Minjastofnunar er: 2013070001 og safnnúmer Þjóðminjasafns: 2013-104.

Skýrslan hefst á ágripi af sögu jarðarinnar, þá er fjallað um framkvæmdarsvæðið, minjastaði og minjar sem komið var niður á.

Breiðholt 181154 218 söguágrip

Elsta beina heimildin um Breiðholt er í skrá frá 1395 yfir jarðir sem Viðeyjarklaustur eignaðist í tíð Páls ábóta.² Þó er talið líklegt að jarðarinnar sé getið í eldri heimild, í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1313 þar sem talað er um jörðina „Holt“, en þar er sennilega átt við Breiðholt.³

Nokkrum sinnum hefur verið komið niður á mannabein við jarðrask á bæjarhólnum, sem bendir til þess að þar hafi verið kirkjugarður og þá væntanlega kirkja.

Í fornleifaskrá Minjasafns Reykjavíkur kemur fram að Adolf Petersen hafði eftir konu sem bjó í Breiðholti, að mannabein hefðu fundist á þriðja áratugnum þegar baðstofan í Breiðholti var lengd og grafið var fyrir grunninum.⁴

Þetta er trúlega sami beinafundur og Þór Magnússon þjóðminjavörður greinir frá í bréfi 2001. Þar segir hann að kona frá Breiðholti hafi sagt honum frá því á staðnum 1981 að faðir hennar, sem bjó þar, hafi fundið mannabein 1930 þegar grafið var fyrir vatnsleiðslu eða súrheysgryfju en lét í samt lag

¹ Minjasafn Reykjavíkur, Starfsemi. Minjasafn Reykjavíkur er nú orðið hluti af nýju safni sem ber heitið Borgarsögusafn sem hefur tekið við þessu hlutverki.

² Íslenskt fornbréfasafn, III. b., bls. 598.

³ Íslenskt fornbréfasafn, II. b., bls. 377. Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2013, bls. 9.

⁴ BSS-Breiðholt-181154-218-1.

aftur. Komið var niður á beinin um 15-30 metrum norður frá húsinu Grjótaseli 21, rétt ofan og aftan við bæjarrústirnar í Breiðholti en þar er lítill hóll þar sem kirkjan gæti hafa verið.⁵

Þóra Petrína Jónsdóttir, sem fæddist í Breiðholti 1891 og átti þar heima þar til hún varð þrettán ára 1904, segir í örnefnalýsingu að „[þ]egar grafið var fyrir grunni hlöðunnar, komu upp mannabein frá þeim tíma, er kirkja var í Breiðholti.“⁶

Guðrún Jónsdóttir bjó sem barn í Breiðholti í ellefu ár, frá 1925 til 1936. Hún segir í örnefnalýsingu að hlaðan sem blómaverslunin Alaska var í seinna, hafi verið byggð um 1942 en eldri hlaða sem faðir Þóru Petrínu Jónsdóttur (Jón Jónsson, dáinn 1897) byggði, hafi verið suður af henni, nálægt því þar sem nú er Grjótasel 21.⁷

Þá komu mannabein í ljós þegar tún Breiðholts voru plægð upp um 1950.⁸

Kirkju í Breiðholti er ekki getið í kirknaskrá Páls biskups um 1200 en af frásögn um jarteikn í Þorláks sögu hins helga frá 1325 að dæma, virðist hafa verið þar bænhús eða kirkja sem helguð var heilögum Blasíusi. Hann var verndari nautasmala og svínahirða, tóvinnufólks, vefara, skóara, steinhöggvara og skipasmiða og gott þótti að heita á hann gegn allskonar hálskvillum meðal annars.⁹ Frásögnin segir frá því að dag einn hafi Hallur smalamaður Snæbjörns bónda á „Bútsstöðum“ (Bústöðum) komið heim frá fé og fallið í öngvit. Þegar hann rankaði við sér hafði hann misst mál sitt og var mállaus í sjö daga. Snæbjörn bóndi hét þá á hinn heilaga Blasíus biskup að smalamaðurinn skyldi ganga í **Breiðholt** og gefa þangað lýsi ef hann mætti endurheimta heilsu sína, en þegar það dugði ekki til kallaði bóndi til Guð og Þorlák biskup. Litlu síðar sofnaði smalinn og komu þá biskuparnir báðir Blasíus og Þorlákur til hans í svefni. Eftir það vaknaði hann alheill lofandi Guð og hina blessuðu biskupa.¹⁰

Í handritasafni Jóns Sigurðssonar kemur fram að bænhús virðist hafa verið í Breiðholti, en aflagt fyrir 1600.¹¹ Í Prestatali og prófasta kemur fram að einnig sýnist hafi verið bænhús í Breiðholti en niðurlagt fyrir 1600.¹²

Breiðholt komst í eigu konungs við siðaskipti og kemur fyrir í Fógetareikningum frá 1547 til 1552. Jörðin var lénsjörð fyrir 1700 og lögð til prests sem þjónaði kirkjum á Seltjarnarnesi.¹³

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð var Breiðholt í eigu konungs, lénsjörð fyrir prestinn sem þjónaði kirkjum á Seltjarnarnesi, en ekkert er getið um að þar hafi verið kirkja eða bænhús. Dýrleiki var óviss en landskuld var eitt hundrað sem skiptist jafnt á milli tveggja ábúenda. Þá var hægt að fódra sjö kýr á jörðinni.¹⁴

Þegar Jarðatal Johnsen var tekið saman 1847 var Breiðholt lénsjörð, dýrleiki ekki metin en sýslumaður mat hana 20 hundruð.¹⁵

⁵ Þór Magnússon, 25.05.2001.

⁶ Örnefnasafn, Breiðholt 181154-218-1, bls. 4.

⁷ Örnefnasafn, Breiðholt 181154-218-2, bls. 1.

⁸ Bjarni F. Einarsson, 1993, bls. 4.

⁹ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Pistlar um örnefni og nöfn: *Blasíusbás*.

¹⁰ Íslensk fornrit XI. b., 2002, bls. 284.

¹¹ Þór Magnússon, 2001.

¹² Sveinn Níelsson, 1950, bls. 113.

¹³ Íslenskt fornbréfasafn, XII. b., bls. 113, 139, 153, 173, 399.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 277.


¹⁵ Johnsen, 1847, bls. 94.

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Breiðholt og með lögum um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur 1923 komst jörðin undir Reykjavík.¹⁶ Þá var jörðin nýtt undir sauðfé Reykvíkinga á vorin og haustin.

Bæjarhús og tún voru mæld upp árið 1916 og þá stóðu sjö hús á hlaðinu og önnur þrjú sunnar. Útihús voru í brekkunni austur af bænum og vegurinn frá Fífuhammi að Vatnsenda lá í gegnum hlaðið.¹⁷

Síðustu ábúendur í Breiðholti voru Ari Þorleifsson og Guðný Bjarnadóttir sem bjuggu þar frá 1956 til 1960.¹⁸

Árið 1960 keypti Jón H. Björnsson landslagsarkitekt, sem átti og rak gróðrarstöðina Alaska í Vatnsmýri, gamla bæinn í Breiðholti og fylgdi 14 hektara erfðafestuland og fjögurra hektara leiguland af dánarbúi Jóns Þorleifssonar.¹⁹ Þá stóðu á skikanum steinsteypt fjós og hlaða sem byggð voru 1947, íbúðarhús (Skógarsel 37) sem enn stendur og tvö bárujárnsklædd útihús, skemma og skúrbygging sem voru leifar síðasta bæjarins sem stóðu á fornu bæjarstæði Breiðholts, sjá mynd 1.²⁰ Jón rak gróðrarstöðina Alaska í Breiðholti í mörg ár og innréttaði síðar útihúsin frá 1947, fjós og hlöðu, sem verslunarhús og voru þau opnuð sem slík 7. nóvember 1975.²¹



Mynd 1. Síðasti bærinn í Breiðholti, teikning Þorkels Gíslasonar.

Þór Magnússon Þjóðminjavörður friðaði bæjarstæði Breiðholts 28. júlí 1981 og var friðuninni þinglýst 28. ágúst 1981. Í skrá um friðlýstar fornleifar segir: „Hið gamla bæjarstæði Breiðholts (181154 218-1),

¹⁶ Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 46/1923.

¹⁷ Þjóðskjalasafn Íslands, Breiðholt 1916, túnakort.

¹⁸ Jóhannes Kr. Kristjánsson, 2002, bls. 53.

¹⁹ Arnar Birgir Ólafsson, 1999, bls. 30.

²⁰ BSS-Breiðholt-181154-218. Anna Lís Guðmundsdóttir, 2013, bls. 10.

²¹ Alaska opnar í Breiðholti (1975, 9. nóvember), bls. 7.

Markmið eftirlitsins var að koma í veg fyrir skemmdir á minjum undir sverði. Grusrót og jarðvegur, u.þ.b. 20 cm lag, var fjarlægt með lítilli Bobkat vél. Nokkuð af jarðvegi var skilið eftir á staðnum og verður jafnað út sumarið 2014 en grusrót og hluti jarðvegs var flutt í Gufunes. Töluverðu af trjám hefur verið plantað á bæjarstæðinu og sumstaðar er mikið af trjárótum.

Þar sem komið var niður á minjar eða meintar minjar var niðurgröftur stöðvaður og stígur hækkaður þar sem þörf krafði. Þar sem komið var niður á tvo eða fleiri steina var niðurgröftur stöðvaður þar sem um hleðslur gat verið að ræða, hvort sem þeir reyndust óhreyfðir eða ekki, og meintar minjar þannig látnar njóta vafans. Meintar minjar voru skráðar í gagnagrunnin Sarp undir Breiðholti og hnitsettar á loftmynd í LUKR. Minjastaðir voru merktir inn á grunnmynd sem VSÓ Ráðgjöf gerði af framkvæmdarsvæðinu og sjá má á mynd 2. Minjar og minjastaðir voru ljósmynduð með stafrænni myndavél, Cannon EOS 550 D.

Framkvæmdin hófst við malbikaðan göngustíg sem liggur sunnan við leifar síðasta bæjarins að hringlaga malarsvæði þar sem stöplar með upplýsingum um Breiðholt, þar sem saga býlisins er rakin í máli og myndum, stóðu og verða settir niður aftur. Malarsvæðið var stækkað og dýpkað. Þar og fram að malbikaða stígunum sunnan við á að setja kantsteina meðfram malarfyllingu. Þá var tekið ofan af fyrir göngustíg sem liggur í boga frá hringlaga malarsvæðinu í kringum leifar síðustu húsanna á bæjarstæðinu og aftur að sama malbikaða göngustíg um 25 metrum ofar. Frá stígunum norðaustanmegin var einnig gerður leggur til austurs sem tengist öðrum malbikuðum göngustíg sem liggur austan og ofan við minjarnar. Einnig var grafið fyrir hringlaga svæði norðan við norðvesturhlið nýja göngustígsins þar sem koma á fyrir nestisborðum í trjálundi.

Merki um mannvist komu í ljós á sex stöðum sem var gefið númer og þeir merktir inn á kort af framkvæmdarsvæðinu með rauðum lit, sjá mynd 3.

Minjastaðir



Mynd 3. Minjastaðir með númerum og rauðmerktir á grunnmynd af bæjarstæði Breiðholtið.²⁹

Minjastaður nr. 1 var á malarsvæði fyrir fræðsluskilti sem var stækkað og dýpkað. Þar hafði áður verið skipt um jarðveg í miðju hringins fyrir upplýsingaskiltin sem sett voru upp 2010. Þar var komið niður á tvær fornleifar, steinaröð og móöskulag. Steinaröðin (181154-218-49) er í norðanverðum útjaðri hringins og gæti verið hluti af vegg, sjá mynd 3.

²⁹ VSÓ Ráðgjöf (í vinnslu). Breiðholtiðsbæinn. Umhverfisbætur við gamla Breiðholtiðsbæinn. Grunnmynd 1:200.



Mynd 4. Steinaraðir á minjastað nr. 1, horft í norðvestur.

Móöskulagið (181154-218-50) nær þvert yfir hringinn og liggur niður og fram um 1 meter að malbikuðum göngustíg sunnan við minjastaðinn og virðist fylgja landhalla, sjá mynd 4. Móöskulagið inniheldur koladreif og lítilsháttar af brenndum beinum. Í hreyfðu jarðlagi sem var fyrir ofan það komu upp nokkrir gripir. Í sniði bakkans austan megin virðist gjóskulagið K~1500 liggja óhreyft yfir móöskulaginu en sást ekki í sniði vestan megin.



Mynd 5. Móöskulag á minjastað nr. 1, horft í suður.



Mynd 6. Móðskulag á minjastað nr. 1, K~1500 í sniði, horft í austur.

Minjastaður nr. 2 er á hringlaga svæði, norðvestan við nýja göngustíginn, sem ætlað er fyrir nestisborð. Jarðvegur, gulbrún malarblönduð mold, var hreyfður en komið var niður á nokkra stóra steina (181154-218-51) í norðurhluta hringins, sjá mynd 7.



Mynd 7. Steinaröð á minjastað nr. 2, horft í austur.

Minjastaður nr. 3 er á miðjum norðurhluta nýja göngustígsins. Þar var komið niður á steinaröð (181154-218-52) með tveimur stórum steinum ásamt nokkrum minni steinum. Röðin hefur aðra áttarvísun, NV/SA, en sýnilegar minjar á bæjarstæðinu sem liggja í A/V. Frá malarsvæðinu fyrir

upplýsingaskiltin að steinaröðinni (181154-218-52) mátti greina kolasmít í hreyfðum jarðvegi og staka stóra steina, u.þ.b. 20x30 cm og 30x40 cm að stærð.



Mynd 8. Steinaröð á minjastað nr. 3, horft í suður.

Fyrir ofan steinaröðina var hrein gulbrún mold. Á austurhluta göngustígsins varð moldin brúnleitari. Þar kom upp ½ l kókflaska úr plasti með lögg af ljósgulum vökva, einnig tvær plastdræsur sem ekki var geymt. Hugsanlega aðkomið efni sem gæti hafa verið sturtað þarna. Um 2 metrum áður en komið var aftur að malbikuðum stíg sunnan við bæjarstæðið varð litabreyting í moldinni sem var aðeins ljósari á 1 meters kafla, og þar var ákvarðaður minjastaður nr. 6, sjá mynd 9. Óvíst er hvað er hér um að ræða, hugsanlega áfok, en ljós mold hefur minna af lífrænum leifum en dökk.



Mynd 9. Litabreytingar á jarðvegi á minjastað nr. 6, horft í austur.

Í framhaldi af norðurhluta nýja göngustígsins var gerður leggur, stígur sem liggur áfram í austur að malbikuðum stíg austan við bæjarstæðið, og á honum eru tveir minjastaðir. Efst við malbikaða stíginn kom í ljós torfhleðsla (181154-218-54) sem liggur þvert yfir stíginn, 1,6 m á breidd, og var þar ákvarðaður minjastaður nr. 5, sjá mynd 10. Í torfi mátti greina $K \sim 1500$, svo að torfhleðslan hafi verið gerð einhvern tíma eftir 1500. Um 3,5 metrum neðan við torfhleðsluna var komið niður á tvo staka steina (181154-218-53), u.þ.b. 20x20 cm að stærð með 80 cm millibili, og var þar ákvarðaður minjastaður 4, sjá mynd 11.



Mynd 10. Torfhleðsla á minjastað nr. 5, horft í vestur.



Mynd 11. Steinar á austurlegg nýja göngustígs, minjastað nr. 4, horft í vestur.

Tafla 1. Minjastaðir.

Nr.	Staðsetning	Lýsing
1	Hringlaga malarsvæði fyrir upplýsingaskilti við malbikaðan stíg sunnan við leifar bæjarins.	Svæðið var stækkað og dýpkað. Komið var niður á tvennar minjar, steinaröð (181154-218-49) og móöskulag (181154-218-50). Nokkrir gripir fundust í röskuðu lagi fyrir ofan móöskulag (181154-218-50).
2	Hringlaga svæði fyrir nestisborð norður af stíg.	Tekið ofan af u.þ.b. 30 cm lag. Raskað; malarblönduð mold. Komið niður á stóra steina (181154-218-51).
3	Á miðjum norðurhluta göngustígs.	Steinaröð (181154-218-52). Leifar af vegg. Frá steinunum að hringlaga malarsvæðinu var koladreif í gulbrúnni moldinni.
4	Um 7 m niður af malbikuðum stíg austan við leifar bæjarins.	Tveir stakir steinar u.þ.b. 20 x 20 cm að stærð, 80 cm á milli þeirra. Gætu hafa verið í vegg (181154-218-53).
5	Efst við malbikaða stíginn austan við leifar bæjarins er torfhleðsla þvert yfir nýja stíginn.	Torfhleðsla með gjóskulaginu K~1500, 1,50 m á lengd og um 1,60 m á breidd (181154-218-54).
6	Um 1,5 m frá malbikuðum stíg sunnan við leifar bæjarins. að sunnan að ofan.	Mátti greina litabreytingar í moldinni, þ.e. hún varð ljósari, gulbrúnni á 1 meters kafla.

Gripaskrá

Í hreyfðu jarðlagi fyrir ofan móöskulag (181154-218-50) fundust nokkrir gripir sem gætu allir verið frá tímabilinu 1900-1960.

Safnnúmer	Heiti	Lýsing
2013-104-1	Glerbrot	Tvö glær glerbrot. Annað er þríhyrnt með upphleyptu munstri öðrum megin, slétt hinum megin. Rúðugler sem notað var í glugga, einkum glugga á hurðum. Stærð: 9,8 x 6 cm og 3 mm á þykkt. Hitt er slétt beggja vegna, sennilega rúðugler. Stærð: 3,5 x 3,3 cm, 3 mm á þykkt.
2013-104-2	Glerbrot	Fjögur glerbrot. Þrjú kúpt dökkgræn glerbrot sem virðast úr sama íláti, hugsanlega flösku. Stærð: 4,4 x 3,5 cm, 5 x 2,5 cm, 4 x 2,5 cm og 2 mm á þykkt. Eitt ljósgrænt glerbrot, 3,5 x 2,5 cm og 2 mm á þykkt.
2013-104-3	Leirkersbrot	Leirkersbrot með hvítum og bláum glerungi. Stærð: 2,8 x 2,5 cm og 8 mm á þykkt.
2013-104-4	Leirkersbrot	Þrjú leirkersbrot úr hvítum leir með hvítum glerungi. Eitt er með tveimur silfurlituðum línunum á jaðrinum. Stærð: 6 x 4,2 cm, um 3 mm á þykkt. Annað er með einni óljósri silfurlitaðri línu á jaðrinum. Stærð: 3,9 x 2,2 cm, um 3 mm á þykkt. Þriðja er hvítt með ljósbrúnum yrjum. Stærð: 3 x 3 cm, um 3 mm á þykkt.
2013-104-5	Járn	Þrír naglar og þrjú járnstykki.



Mynd 11. Gler- og leirkersbrot af minjastað nr. 1.³⁰



Mynd 12. Járngripir af minjastað nr. 1.³¹

Niðurstöður

Töluvert rask hefur verið á bæjarhólum sem hefur verið skertur töluvert í gegnum tíðina og ekki er ósennilegt að eitthvað sé af aðkomnum jarðvegi á svæðinu.

Við framkvæmdina var komið niður á minjar á sex stöðum þar sem niðurgröftur var stöðvaður. Á minjastað nr. 1 var komið niður á tvær minjar, steinaraðir (181154-218-49) og móöskulag (181154-218-50) og í hreyfðum jarðvegi sem var fyrir ofan móöskulagið voru nokkrir gripir. Á minjastað nr. 2 var komið niður á stóra steina (181154-218-51). Á minjastað 3 var komið niður á vegg (181154-218-

³⁰ BSS-2013-104-1, 2, 3, 4.

³¹ BSS-2013-104-5.

52). Á minjastað nr. 4 var komið niður á tvo staka steina sem gætu hafa verið í vegg (181154-218-53). Á minjastað nr. 5 var komið niður á torfhleðslu með K~1500 í torfi (181154-218-54) og á sjötta staðnum mátti greina litabreytingar á jarðvegi á 1 metra löngum kafla.

Gjóskulagið K~1500 gefur vísbendingu um aldur tveggja minja. Móöskulag á minjasvæði nr. 1 er tilkomið fyrir 1500 og torfhleðsla á minjasvæði nr. 5 er með K~1500 í torfi, þannig að hún hefur verið hlaðin einhvern tíma eftir 1500.

Heimildir

Alaska opnar í Breiðholti. (1975, 9. nóvember). *Tíminn*, bls. 7.

Anna Lís Guðmundsdóttir. (2013). *Drög að fornleifaskráningu fyrir Breiðholt*. Gögn Minjasafns Reykjavíkur. Óbirt.

Arnar Birgir Ólafsson. (1999). *Jón H. Björnsson- Landslagsarkitekt og frumkvöðull í skráðgarðyrkju*. Sótt 20.10.2014 af http://static.alaska.is/rit/Jon_H_Bjornsson_ritgerd_Arnar_Birgir_Olafsson.pdf

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1934). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Bjarni F. Einarsson. (1993). *Breiðholt: Greinagerð um fornleifar í Breiðholti*. Reykjavík. Árbæjarsafn.

Íslensk fornrit. (2002). XI. bindi. Biskupasögur II. b., Þorláks saga C. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár er, snerta Ísland eða íslenzka menn. (1857-1972). II., III. og XII. bindi. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafjelag.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Kaupmannahöfn. gefið út af J. Johnsen.

Jóhannes Kr. Kristjánsson. (2002, 21. desember). Síðasti bóndinn í Breiðholti. *Dagblaðið Vísir - DV*. bls. 53.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 46/1923.

Minjasafn Reykjavíkur. (e.d.). *Starfsemi Minjasafns Reykjavíkur*. Sótt 16.12.2013 af <http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4210/>

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Fornleifar (BSS-181154-218-(1-6)). Fundir (2013-104-(1-)).

Skrá um friðlýstar fornleifar. (1990). Fornleifanefnd. Sótt 16.12.2013 af

<http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Pistlar um örnefni og nöfn: *Blasíusbás*. Sótt 27.

október 2014 af http://www.arnastofnun.is/page/ornefnapistlar_blasius

Sveinn Níelsson. (1950). *Prestatal og prófasti á Íslandi*. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafjelag.

VSÓ Ráðgjöf. (Í vinnslu). *Skógarsel. Gamli Breiðholtsbærinn: Landmótun og umhverfisfrágangur.*

Grunnmynd og snið.

Þjóðskjalasafn Íslands. *Breiðholt 1916*. Túnakort. Vigfús Guðmundsson Keldum teiknaði.

Þór Magnússon. (2001, 25. maí). Bréf. Gögn Minjasafns Reykjavíkur.

Örnefnasafn. (1986). Breiðholt 181154-218-1. Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Örnefnasafn. (1985). Breiðholt 181154-218-2. Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárestígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sölvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Rvk. 2010.
- 155 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.
- 158 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
- 159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Rvk. 2011.
- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.